

Miðvikudaginn 28. nóvember 1951.

Nr. 23/1950. **Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson**
f. h. Fjölsvinnisútgáfunnar (Ragnar Ólafsson)
 gegn
Ingólfi Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Laun fyrir áskriftasöfnun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefjast þeir sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, að höfuðstóll dómkröfunnar lækki í kr. 4576.00. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er til þess, hversu langur dráttur hefur orðið á útgáfu alfræðibókarinnar, verður að telja, að krafa stefnda um laun fyrir áskriftasöfnun sé í gjalddaga fallin, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að þetta starf stefnda hafi verið þannig af hendi leyst, að valda eigi lækkun eða niðurfalli kröfu hans. Ber því að staðfesta héraðsdóminn með þeirri lækkun á höfuðstól dómkröfunnar, er að framan getur.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda kr. 900.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnisútgáfunnar, greiði stefnda, Ingólfi Jónssyni, kr. 4576.00 með 6% ársvöxtum frá 26. nóvember 1948 til greiðsludags, kr. 750.00 í málskostnað í héraði og kr. 900.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. okt. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Ingólfur Jónsson kennari hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. nóv. 1948, gegn Árna Friðrikssyni fiskifræðing, Höfn, Seltjarnarnesi, og Jónasi Sveinssyni lækni, Bergstaðastræti 67 hér í bænum, báðum f. h. Fjölsvinnisútgáfunnar hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 4876.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 19. janúar s.l., var Ísafoldarprentsmiðju h/f stefnt inn í málið af hálfu stefndu til réttargæzlu og samkvæmt 52. gr. laga nr. 85 frá 1936, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur henni.

Réttargæzlustefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1945 tók stefnandi að sér söfnun áskrifenda að íslenzkri alfræðiorðabók, er stefndu hugðu að gefa út. Kveðst stefnandi hafa samið um þetta við Jónas Sveinsson lækni, og hafi þóknun til sín verið ákveðin 10% af verði þeirra bóka, er hann fengi áskrifendur að. Kveðst stefnandi síðan hafa hafið áskriftasöfnunina. Er hann í fyrsta sinn afhenti Jónasi skrá yfir áskrifendur þá, er hann hafði safnað, hafi Jónas getið þess, að nokkur hluti þóknunarinnar yrði greiddur strax, en eftirstöðvarnar eigi fyrr en bókin kæmi út, en það hafi verið ákveðið, að yrði á árinu 1945. Síðan hafi sér verið greiddur nokkur hluti þóknunarinnar, en gefin viðurkenning fyrir eftirstöðvunum. Ritið hafi hins vegar ekki verið gefið út á árinu, og útgáfa þess sé enn ekki hafin, og óvíst sé, hvort það muni nokkurn tíma verða gefið út.

Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að hann sé ekki skyldugur að bíða lengur eftir greiðslu á eftirstöðvum þóknunar sinnar, og hefur því höfðað mál þetta.

Stefndu hafa hins vegar skýrt svo frá, að svo hafi verið samið við stefnanda, að hann fengi í þóknun 10% af verði þeirra bóka, sem hann safnaði áskrifendum að, að svo miklu leyti sem áskrifendur leystu verkið til sín. Þriðjungur þóknunarinnar skyldi goldinn, þegar áskriftarlistum væri skilað, en eftirstöðvar jafnskjótt og áskrifendur greiddu fyrir ritið. Gert hafi verið ráð fyrir, að það kæmi út í 12 bindum, og falli því greiðslur til stefnanda í gjalddaga með 12 jöfnum afborgunum við útkomu og greiðslu hvers bindis. Þá beri stefndu ekki að greiða fyrir þær áskriftir, sem eru ólæsilegar, eða ef áskrifendur finnast ekki. Auk þess beri þeim ekki að greiða fyrir áskriftir þeirra, sem ekki greiði ritið að öllu eða nokkru leyti. Með vísan til þessa telja stefndu, að krafa stefnanda, sem hann kann að eiga, sé ekki fallin í gjalddaga, og beri því að sýkna þá að svo stöddu af kröfum hans.

Svo sem að framan getur, var stefnanda tilkynnt, að nokkur hluti þóknunar hans yrði ekki greiddur fyrr en við útkomu ritsins, og þar sem ekki verður séð, að hann hafi hreyft neinum athugasemdum við því, verður

að telja hann við það bundinn. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum hans, að þóknunin hafi verið bundin því skilyrði, að áskrifendur leystu ritið til sín að nokkru eða öllu leyti. Því er ómótmælt, að útgáfa rits þessa hafi átt að hefjast á árinu 1945. Þegar virt er, hve langur tími er síðan liðinn, án þess að ritið hafi komið út, og þess gætt, að ekki virðist útilit fyrir, að útgáfa þess hefjist í náninni framtíð, þá verður að telja, að brotnar séu þær forsendur, sem stefnandi mátti byggja á um greiðslutíma eftirstöðva þóknunarinnar. Samkvæmt þessu verður að telja kröfu stefnanda í gjalddaga fallna. Þar sem fjárhæð hennar út af fyrir sig hefur ekki verið andmælt, verður hún tekin til greina að öllu leyti með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Að því er varðar sýknukröfu réttargæzlustefnda, Ísafoldarprentsmiðju h.f., þá kemur hún ekki til álita, þar sem engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda. Þá þykir heldur ekki efni til að taka til greina kröfu réttargæzlustefnda um málskostnað.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnis-útgáfunnar, skulu vera sýknir af málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu, Ísafoldarprentsmiðju h.f. Stefndu, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnisútgáfunnar, greiði stefnanda, Ingólfi Jónssyni, kr. 4876.00 með 6% ársvöxtum frá 26. nóvember 1948 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðhafðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1951.

Nr. 143/1951. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Helga Þorlákssyni (Ragnar Jónsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir, að ákærði sé sviptur ökuleyfi um